

Umhverfisstofnun
Áb. _____
25. sep. 2015
Tilv. _____

GMR Endurvinnslan ehf
Tangavegi 7,
301 Akranes



Reykjavík 25. september 2015
UST201502-138/E.D.K.
08.14.02

Frestun álagningar dagsekta

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 23. september 2015, sem inniheldur ákvörðun um álagningu dagsekta að upphæð kr. 50.000 á dag, á GMR Endurvinnsluna ehf. vegna fráviks frá starfsleyfi. Þann 24. september sl. barst Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur frá rekstraraðila.

Frávikið sem um ræðir varðar ófullnægjandi afsog og rykhreinsun í verksmiðju rekstraraðila á Grundartanga, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Frávikið varðar gr. 2.4 í starfsleyfi og kom fram við reglubundið eftirlit þann 5. nóvember 2014.

Í bréfi rekstraraðila, dags. 24. september 2015, segir að unnið sé að lausn reyklosunarvandamálsins hjá fyrirtækinu. Þá segir að búið sé að yfirfara afsogskerfið, leggja mat á virkni þess og fara yfir hvaða möguleikar eru til staðar til að bæta ástandið. Niðurstaðan rekstraraðila er að mengun sem sleppur frá ofninum nær að dreifast of greiðlega um bygginguna. Virkni útsogskerfisins verði því ekki nógu góð þar sem afkastageta þess dugar ekki fyrir heildarloftræsinguna á byggingunni. Sú lausn sem rekstraraðili setur fram miðar að því að koma fyrir skermandi klæðningu á súluröðinni fyrir miðju hússins í þeim helmingi sem ofninn er og ná þannig betri rykhreinsun. Í bréfi rekstraraðila er aðgerðum varðandi skermunina líst nánar og settur fram tímarammi.

Innkomin áætlun er ekki nógu tæknilega nákvæm til að Umhverfisstofnun geti metið og samþykkt útfærslu úrbótanna. Umhverfisstofnun er samþykkt því að breytingar í þessa átt verði gerðar og veitir rekstraraðila umbeðin frest til að framkvæma þær. Umhverfisstofnun vill taka fram að staðfesta þarf virkni úrbótanna með úttekt að breytingum loknum.

Umhverfisstofnun samþykkir þá áætlun um úrbætur sem rekstraraðili hefur sett fram sbr. innkomið bréf dags. 24. september sl. og veitir rekstraraðila umbeðnar 10 vikur til að koma upp búnaðinum, eða til 7. desember nk.

Umhverfisstofnun frestar álagningu dagsekta til 11. desember 2015, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og fer fram á að rekstraraðili sendi inn staðfestingu á gerðum úrbótum eigi síðar en 7. desember nk. Umhverfisstofnun mun gera úttekt á gerðum úrbótum að framkvæmdum loknum.

Virðingarfyllt


Sigríður Kristjánsdóttir
sviðsstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur